

## *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála**  
Dagsetning: **19.09.2016**  
Málsnúmer: **FJR16050018**  
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl.

**Viðbrögð við minnisblaði Viðskiptaráðs Íslands, dags. 15. september 2016, vegna breytingartillagna við frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda við skattsvikum o.fl. (787. mál).**

***Minnisblaðið lýtur að takmörkun vaxtafrádráttar, sbr. lið H.1. breytingartillagna ráðuneytisins.***

Að gefnu tilefni vill ráðuneytið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

Fyrst skal það áréttað að ekki er verið að innleiða reglur tilskipunar nr. 2016/1164/ESB enda Íslandi ekki skylt, með nokkrum hætti, að lögfesta í landsrétt ákvæði tilskipunarinnar.

Í annan stað voru drög að tilskipun (*COM(2016)26 final*) lögð fram af hálfu framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins þann 28. janúar sl. sem einn hluti af nokkrum liðum í aðgerðaráætlun sambandsins gegn skattasniðgöngu. Í drögunum voru kynntar sérstakar reglur til að stemma stigu við skattasniðgöngu sem hefðu bein áhrif á innri markað sambandsins. Ráðuneytið var vitanlega að vísa til tilskipunarinnar sjálftrar í greinargerð með breytingartillögunni enda skýrt tekið fram að tilskipunin hafi verið samþykkt þann 12. júlí sl. Þar er þó vísað til rangs númers á tilskipuninni sem er réttilega nr. 2016/1164/ESB og er beðist velvirðingar á því. Tekið skal tekið fram að tilskipun nr. 2016/26/ESB er ekki til og engin tilskipun innan sambandsins sem ber það númer. Þá er ekki unnt að fallast á það að prentvilla sem leiddi til rangs númers á tilskipun hafi efnislega þýðingu varðandi úrlausn á þeim álitæfnum sem upp kunna að rísa ef ákvæði breytingartillagnanna um takmörkun vaxtafrádráttar verður lögfest. Einungis er vísað til skattasniðgöngutilskipunarinnar til að rökstyðja þá aðferð sem var valin til að takmarka vaxtafrádrátt, þ.e. hina svokölluðu EBITDA-leið, en ekki sem lögskýringargagn eða til frekari fyllingar ákvæðinu.

Varðandi rökstuðning fyrir ákvörðun um hlutfall heimilaðra vaxtagjalda, sem kæmi til frádráttar, var m.a. vísað til skattasniðgöngutilskipunarinnar sem og aðgerðaráætlunar OECD um BEPS. Skattasniðgöngutilskipunin heimilar aðildarríkjum að takmarka vaxtafrádrátt um allt að 30%, sbr. 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar, á meðan OECD leggur til hlutfallið á milli 10-30% í BEPS aðgerðaráætlun 4. Þrátt fyrir að vísað sé til þess í greinargerðinni að skattasniðgöngutilskipunin kveði á um hlutfallið 10-30% vaxtagjalda af EBITDA, þá er ekki með nokkrum hætti unnt að fallast á að slíkt valdi misskilningi við túlkun ákvæðisins. Með öðrum orðum, þá er hvorki skattasniðgöngutilskipunin né drög hennar fyrirmynd þess ákvæðis er ráðuneytið leggur til í breytingartillögunum þrátt fyrir að aðferðin sú sama að meginstefnu til.